

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

c. liður 3. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

1. mli. 5. gr. hljóðar svo: Landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum framkvæmda-
nefndar búvörusamninga, auglýsir fyrir 1. september ár hvert, þó eigi síðar en útflutnings-
hlutfall tekur gildi, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að
greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verð-
lagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. ágúst 2001.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.